

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1996

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar voru suðlæggar áttir. Hámarkshiti mældist 9.3 stig, 17. janúar. Lágmarkshiti var -11.7 stig, 1. janúar. Meðalhiti í janúar var 0.90 stig. Snjór mældist á jörðu alla daga í janúar, mest 4. janúar, 18 cm. Úrkoma í janúar var 18.4 mm. Meðalvindur 4.4 hnútar. 18. janúar kl. 18.02 varð vart við jarðskjálfta, sem átti sér upptök um 8 km. norður af Grenivík. 1 högg fannst mjög greinilega.

Í febrúar bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 10.2 stig, 16. febrúar. Lágmarkshiti var -17.0 stig, 27. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -3.37 stig. Meðalsnjódýpt í febrúar var 35 cm., mest 50 cm. 26. febrúar. Úrkoma í febrúar var 147.6 mm. Meðalvindhraði var 5.2 hnútar.

Í mars voru suðlæggar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9.3 stig, 7. mars. Lágmarkshiti var -11.6 stig, 24. mars. Meðalhiti í mars var 1.27 stig. Snjór mældist á jörðu alla daga í mars, mest 22 cm., 1. mars. Úrkoma í mars var mjög lítil, aðeins 4.3 mm. Meðalvindhraði 7.1 hnútar.

Í apríl bar mest á suðlægum og norðlægum áttum. Hámarkshiti í apríl mældist 11.3 stig, 10. apríl. Lágmarkshiti var -9.8 stig, 6. apríl. Meðalhiti í apríl var 1.67 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 9 cm., mest 14 cm., 5. apríl. Úrkoma í apríl var 47.8 mm. Meðalvindhraði í apríl var 5.3 hnútar. Mikil hveralykt fannst 7. apríl. Brum á lerki farið að þrútna 7. apríl. Skógarprestir og gæsir sáust 9. apríl, svanir 13. apríl, hrossagaukur 25. apríl og lóan komin 28. apríl.

Í maí voru breytilegar áttir, þó var mest um norðan- og suðaustanáttir. Hámarkshiti mældist 16.5 stig, 11. maí. Lágmarkshiti var -5.1 stig, 1. maí. Meðalhiti í maí var 5.48 stig. Snjór mældist á jörðu í 10 daga í maí, mest 5 cm. 6. maí. Úrkoma í maí mældist 10.4 mm. Meðalvindhraði í maí var 4.7 hnútar. Komin græn slika á lerki 8. maí og fullútsprungið 14. maí. Birki byrjað að grænka 13. maí og komið með grænan lit 30. maí. Tún í Fnjóskadal byrjuð að gróa 11. maí og orðin allvel græn 18. maí og algræn 28. maí. Stelkur kominn 1. maí, maríuerla og spói 10. maí.

Í júní voru norðlæggar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 21.1 stig, 24. júní. Lágmarkshiti var -3.0 stig, 3. júní. Meðalhiti í júní var 8.50 stig. Úrkoma í júní var 59.2 mm. Meðalvindhraði í júní var 3.8 hnútar. Gránaði í fjöll 1. júní. Birki talið algrænt 9. júní og talið alútsprungið 16. júní í Vaglaskógi. Úthagi í Fnjóskadal farinn að gróa 2. júní og mikið grænt 10. júní, algrænt 19. júní.

Í júlí bar mest á suðaustlægum og norðvestlægum áttum. Nokkuð var um hægviðri og logn. Hámarkshiti mældist 23.6 stig, 17. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 2.6 stig, 28. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.90 stig. Úrkoma í júlí var 27.7 mm. Meðalvindhraði í júlí var 4.5 hnútar. Ekki er skráð hvenær sláttur hófst í Fnjóskadal, en hann var langt kominn 23. júlí.

Í ágúst voru austan og norðaustlæggar áttir tíðastar, þó var nokkuð um logn og hægviðri. Hámarkshiti mældist 19.6 stig, 8. ágúst. Lágmarkshiti var -0.1 stig, 18. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 9.06 stig. Úrkoma í ágúst var 48.5 mm. Meðalvindhraði í ágúst var 4.0 hnútar. Gulnun á birki áberandi 28. ágúst. Flestir bændur hafa lokið slætti 8. ágúst.

Í september bar mest á hægviðri og breytilegum áttum. Hámarkshiti mældist 19.6 stig, 4. september. Lágmarkshiti var 1.7 stig, 30. september. Meðalhiti í september var 10.12 stig. Úrkoma í september var 72.8 mm. Meðalvindhraði í september var 5.3 hnútar. Lauffall töluvert á birki 12. september og mikið lauffall 18. september. Úthagi byrjaður að sölna 7. september og orðinn mikið sölnaður 19. september. Lerki farið að sölna og byrjað að fella nálar 28. september.

Í október voru breytilegar vindáttir. Hámarkshiti mældist 11.3 stig, 24 október. Lágmarkshiti var -13.0 stig, 13. október. Meðalhiti í október var 1.45 stig. Snjór mældist á jörðu 15 daga í október, mest 18 cm, 14. október. Úrkoma í október var 127.1 mm. Meðalvindhraði í október var 4.3 hnútar. Ekki bar á öskufalli vegna eldgoss í Vatnajökli eins og búist hafði verið við. Tún farin að sölna 7. október. Birki orðið að mestu lauflaust 7. október.

Í nóvember voru sunnan- og suðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9.7 stig, 14. nóvember. Lágmarkshiti var -17.3 stig, 23. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -6.43 stig. Meðalsnjódýpt í nóvember var 24 cm., mest 53 cm 22. nóvember, sem var mesti snjór sem mældist á árinu. Úrkoma í nóvember var 87.0 mm. Meðalvindhraði í nóvember 3.3 hnútar.

Í desember bar mest á suðaustlægum og norðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 7.4 stig, 29. desember. Lágmarkshiti var -17.4 stig, 16. desember, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í desember var -3.89 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 40 cm, mest 48 cm, 4. desember. Úrkoma í desember var 72.7 mm. Meðalvindhraði í desember var 3.5 hnútar.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1996

	Meðalhiti C°	Úrkoma mm.
Janúar	-0,90 (-4,52)	18,4 (156,7)
Febrúar	-3,37 (-5,20)	147,6 (86,6)
Mars	1,27 (-3,83)	4,3 (191,7)
Apríl	1,67 (-1,02)	47,8 (38,8)
Maí	5,48 (2,26)	10,4 (46,6)
Júní	8,50 (9,46)	59,2 (16,7)
Júlí	10,90 (9,36)	27,7 (51,3)
Ágúst	9,06 (10,93)	48,5 (22,3)
Sept.	10,12 (5,40)	72,8 (25,2)
Okt.	1,45 (0,91)	127,1 (272,8)
Nóv.	-6,43 (-1,23)	87,0 (37,5)
Des.	-3,89 (-4,09)	72,7 (30,2)
	2,82 (1,54)	723,5 (976,4)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1995

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - september var 9.65 stig, en var 8.79 stig sömu mánuði 1995.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

11/5	-1,0	20/5	-4,4	3/6	-4,4
13/5	-0,3	23/5	-0,8	7/6	-1,9
14/5	-4,1	27/5	-4,1	18/8	-0,7
15/5	-2,0	28/5	-0,1	25/8	-3,6
16/5	-4,4	2/6	-2,1	26/8	-1,6
19/5	-1,3				

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

24/6	21,1	24/7	20,6
16/7	21,2	28/7	22,3
17/7	23,6		

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Birki byrjað að grænka 13. maí, komið með grænan lit 30. maí og orðið algrænt 9. júní. Birki í Vaglaskógi fullútsprungið 16. júní. Brum á lerki byrjað að þrútna 17. apríl, komið með græna slikju 8. maí og talið fullútsprungið 14. maí. Gulnun áberandi á birki 28. ágúst og lauffall byrjað 12. september. Lauffall mikið á birki 18. september og orðið að mestu lauflaust 7. október. Gulnun á lerki áberandi og farið að fella nálar 28. september og mikið fallið af lerki 5. október.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var góður á öllum tegundum þetta ár.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var víðast hvar ekki mikið, aðeins einstaka tré bar fræ. Fræ á barrgróðri var líklega nokkuð, en engu var safnað af því.

2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki áberandi þetta ár en þó fer köngulingur vaxandi í greni, mest áberandi í Vaglaskógi. Snjóflóðaskaðar í Fnjóskadal vegna veðursins 25. okt. 1995 komu betur í ljós þegar kom fram á sumar og hægt var að skoða skóginn.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðustu ár, þó voru heldur færri sumarstarfsmenn. Ráðskona var Friða Arnþórsdóttir frá Mörk. Verkstjórar voru eins og áður Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf sem fyrr. Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöðinni á Vöglum eins og síðustu ár, hluta úr árinu. Áslaug H. Guðnadóttir, garðyrkjufraeðingur, vann í gróðrarstöðinni á Vöglum sumarmánuðina. Kristján Jónsson kom til starfa aftur eftir veikindi en vann ekki fullan vinnudag. Valgeir Davíðsson sem hætti á haustdögum 1995 kom aftur til starfa á vordögum. Aðrir fastir starfsmenn eru sem fyrr Benedikt Karlsson, Ingimundur Gunnarsson, Jóhannes Gíslason og Sigurpáll Jónsson. Starfsmenn voru 23 á launaskrá þegar mest var. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 19,178,332, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 3,713,654, dagpeningar kr. 89,650, akstur kr. 499,658 og ASÍ laun kr. 14,875,370.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var með minna mótí á flestum stöðum. Það voru miklar skemmdir eftir snjóflóð á girðingu á Vöglum, Lunds- og Þórðarstaðaskógi og þurfti að girða upp nokkra kílómetra að nýju.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 543,306, samtals 952 vinnustundir.

Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 76,588, samtals 126 vinnustundir.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýjar girðingar voru girtar á árinu 1996.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór fram í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi. Í Vaglaskógi var fellt birki ofan af rauðgreni í reit 312 og ofan af stafafuru í reit 211. Lerki var grisjað í reit 210. Grisjuð var stafafura og lerki í reit 316. Í Þórðarstaðaskógi var hreinsað upp birki af snjóflóðasvæðum og er því ekki lokið. Grisjað var lerki í Lautaskógi, sem er nyrst í Þórðarstaðaskógi, milli Moldgils og Þorleifsgils. Safnað var nokkrum tugum róta af snjóflóðasvæðunum. Grisjað var með vegum í Vaglaskógi (efra vegi norðan gróðrarstöðvar) og með neðra vegi í Mela- og Skuggabjargarskógi.

Felldur viður:

Birki	ca.	80 tonn
Lerki	ca.	20 tonn
Annað	ca.	2 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir staurar voru seldir 1996.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	2.601	pk.
Arinviður litlir	149	pk.
Smíðaviður	286.8	m.
Reykingarviður	1.010	kg.
Birkikurl/flís	3.575	kg.
Plattar	8.107	stk.
Beðkurl (grisjupokar)	5	pk.
Rætur	12	stk.

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	761	pk.
Arinviður litlir	60	pk.
Arinviður óunnið	ca. 1.000	kg.
Smíðaviður birki	524	m.
Lerki óunnið	ca. 5.000	kg.
Birkikurl/flíf	475	kg.
Plattar birki	634	stk.
Plattar lerki	3.442	stk.
Plattar fura	181	stk.
Staurar 5 fet	300	stk.
Staurar 5 fet óunnið	105	stk.
Staurar 6 fet	60	stk.
Staurar 6 fet óunnið	315	stk..
Beðkurl	15	m ³
Viðarkol	ca. 400	kg.
Rætur	60	stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 3,996 og laun og launatengd gjöld kr. 2,447,648.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 11. nóvember. Kominn var allmikill snjór og frost var mikið flesta daga og gekk því felling mjög hægt og dróst langt fram í desember. Felld voru 1.271 jólatré á eftirfarandi stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Fellsskógur	777		186	35	998

Vaglaskógur	76	3	15	14	108
Kristnesskógur			3		3
Vaglir		103			103
Þelamörk					
Reykjahóll		48	10	1	59
Alls	853	154	214	50	1271

Flutt voru 200 rauðgrenitré úr Skorradal norður í Vagli og dreift þaðan til viðskiptavina. 3 menn fóru vestur í Skorradal og aðstoðuðu við jólatréstöku í 2 daga. Pantanir frá Blönduósi og Sauðárkróki voru að hluta afgreiddar beint úr Skorradal. Örlítið var keypt af erlendum greinum. Af felldum og aðfluttum trjám seldust 1.371 tré. Önnur fóru til starfsfólks og í frákast. Þau nýmæli voru í sölu þetta ár að seld voru tré á tilboðsverði til götuskreytinga á Akureyri, sem voru gölluð, en nóg er til af þannig trjám í skóglendum okkar.

Seld tré:

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Tilboðstré	85		2		87
070-100	64	7	24	8	103
101-125	230	30	52	7	319
126-150	280	60	58	10	408
151-175	206	27	43	3	279
176-200	102	5	9	5	121
201-250	32	1	3	1	37
251-300	7	1		2	10
301-400	5				5
401-500					
501-600	2				2
Alls	1013	131	191	36	1371

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 820,734, alls 1,265 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 28,136, alls kr. 848,870.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	1.607.694		1.607.694

Innfl. og ísl. greinar	42.760	22.080	20.680
Alls	1.650.454	22.080	1.628.374

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáningar voru með minna móti þetta ár, en sáð var þó til margra tegunda.

Aðalsáningin fór fram 20. maí í stóra húsið upphitaða, grenitegundum, stafafuru og lerki. 2. júní var sáð í dúkhús, birki og elri. Öðrum tegundum var sáð á misjöfnum tíma. Sáningar 1996 sjást nánar í plöntutalningarlista.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 16.687 græðlingum í beð og 63.326 í FP35 bakka, þar af 2.735 stk græðlingaefni frá Óla Njáls.

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,817,311 og afhentir styrkir fyrir kr. 341,428.

Stungið var 11,009 sumargræðlingum og pottaðar voru 8,157 plöntur. Seldar og afhentar voru 28,432 garðplöntur og til sölu og afhendingar er áætlaðar 51,193 plöntur 1997.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 181,586 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	1,537,146
Millif. og styrkir	1,114,037
Afh. í eigin skóglendi	689,191
Nytjaskógar	1,875,572

Alls Kr. 5,215,946

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöðvunum á árinu.

6.8. Kostnaður.

Laugabrekka	Kr.	Vinnust.
Plöntuuppeldi almennt	490.471	840

Fjölpottaplöntur	210.343	409
Garðplöntur	644.755	1.140
Alls	1.345.569	2.389

Vaglir

Plöntuuppeldi almennt **	667.197	1.024
Verkstjórn	538.809	774
Frídagavaktir	144.750	123
Ræktunarbún.	22.730	33
Umhirða	2.196	4
Jarðarbætur	7.382	12
Vegir	2.424	6
Vetrarumbúnaður almennt	33.347	55
Skógplöntur almennt	2.360	4
Uppt.,meðf.,afgr. skógpl.	71.788	135
Fjölpottar alm.	77.309	139
Hreinsun bakka	68.499	108
Moldarfylling	90.351	150
Sáning fjölp.	92.116	145
Grisjun fjölp.	232.612	475
Umhirða fjölp.	211.002	436
Afhending fjölp.	178.915	326
Vetrarumbúnaður fjölp.	67.374	105
Viðargræðlingar	389.102	678
Garðplöntur almennt	44.583	76
Stiklingar útiræktun	36.944	73
Stiklingar inniræktun	73.342	127
Garðplöntur beðplöntur	157.236	309
Garðplöntur pottaplöntur	823.411	1.421
Hnausplöntur	20.217	37
Sala garðpl.	191.151	231
Vetrarumbúnaður garðplantna	26.292	47
Alls	4.273.439	7.053

Samtals Laugabr. og Vaglir 5.619.008 9.442

** Innifalið sérst. frídagar - veikindi - orlof og des.uppbót.

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yrir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi	Reitur
Grundarreitur	Birki	1/0	Hvammur	940038	180	sunnan við
	Rússalerki	1/0	Imatra	930027	200	gamla reit
					380	
Reykjarhóll	Birki	1/0	Reykjarhóll	940050	200	
	Rauðgreni	3/0	Drevja	880021	35	
	Rússalerki	1/0	Imatra	930027	350	
	Stafafura	2/0	Tuthsi lake	930003	60	
					645	
Reykjarhóll v/heitt vatn	Rússalerki	1/0	Imatra	930027	500	
Vaglaskógur	Blágreni	3/0	Blue joint	920020	3880	108
	Fjallaþinur	2/4	Ethel lake	890018	2301	109
	Fjallaþinur	3/0	Helipad b.j.	920015	970	109
	Fjallaþinur	3/0	Skagway	910005	140	109
	Fjallaþinur	2/4	Skagw/tuth	890023	1990	210
					9281	
Vaglir Þelam.	Blágreni	2/4	Rio Grande	890022	1470	390
	Rauðgreni	3/0	Drevja	880021	2280	174,185
					3750	
			Alls		14556	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 190,969, alls 367 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við grisjun og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Grundarreitur	52 tímar	kr.	30.040
Reykjarhóll	338 “	“	191.567
Vaglaskógur	133 “	“	81.874
Vaglir Þelamörk	135 “	“	83.605
Þórðarstaðaskógur	4 “	“	2.176

9. BYGGINGAR

Á Vöglum 1 var lagfært snyrtiherbergi, settur dúkur á vegg og málað, keyptur var gólfdukur á eldhús og nýr heitavatnskútur. Á Vöglum 2 var þússað upp parket á skrifstofu og það lakkað og lagfært. Á Furuvöllum var gólf í borð- og setustofu lakkað. Hús á Reykjarhóli var málað að innan. Í geymslu á Vöglum voru settir upp rekkar fyrir efnivið. Hálshreppur setti upp hús á aðkomuplan í Vaglaskógi og leigir S.R. það til þriggja ára fyrir snyrtingar og móttöku. Einnig var leigt þar út pláss fyrir verslun yfir sumarmánuðina.

Tvær húseignir voru seldar á árinu 1996. Skógarsel í Vaglaskógi var selt Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri og Skógarstígur 6 (Laugabrekka) í Varmahlíð Magnúsi Magnússyni.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla, tækja og bifreiða var í lágmarki þetta ár. Keypt var ný viðarsög með kleif, ennfremur var keypt háþrýstidæla til að þvo vélar, hús ofl.. Keypt var 1 áburðarblandari, sem tengdur er við vatnslögn. Nokkur kostnaður var við að setja akstursklukku í vörubifreið. Gert var við gömlu viðarsögina og sett í hana nýtt drif. Annað var eðlilegt viðhald.

2 keðjusagir voru keyptar 1995, en það láðist að geta þeirra í ársskýrslu þá, en þær voru færðar á eignaskrá.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Sjá skýrslu Brynjars Skúlasonar, skógræktarráðunauts.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar voru þessi helst á árinu. Fór með Presti og Brynjari í Ásbyrgi 11. júlí á samráðsfund með þjóðgarðsverði vegna verkaskiptingar og fleira vegna Ásbyrgisskógar. Fór með Brynjari og Guðríði skógræktarnema í Fljót og Siglufjörð, skoðuðum þar skógrækt hjá Guðmundi Jónssyni og Skf. Siglufjarðar. Fór ásamt starfsmönnum á Vöglum til Húsavíkur 25. sept., mættum þar starfsfólki frá Hallormsstað og skoðuðum þar sögunarverksmiðju. Fórum síðan um nágrenni Húsavíkur og skoðuðum okkur um. Hallormsstaðarfólk kom síðan með okkur í Vagli og gisti þar. Fór á skógræktardag í Árbót í Aðaldal 6. júlí, en þar er starfrækt unglingaheimili, sem hefur fengið úthlutað plöntum úr Skeljungssjóði. NSU fundur og ferðalög voru á Íslandi 19. og 20. júní. Móttaka var á Vöglum fyrir þann hluta fundarmanna sem fór á Norðurland 21. júní, en síðan sat skógarvörður ráðstefnu í Borgarleikhúsinu og kvöldverð í Perlunni 22. júní. Talsverður tími fór í fundi og undirbúning fyrir NSU heimsóknina, sem ekki er nánar sagt frá hér. Skógarvörður sat starfsmannafund í Reykjavík 18. - 19. apríl og birkiráðstefnu á Hótel Loftleiðum 19. apríl. Fór á aðalfund Skf. S-Þingeyinga, sem haldinn var í Aðaldal 14. apríl. Yfirstjórn kom í heimsókn 18. mars, til að ræða um og ganga frá stafs- og fjárhagsáætlun fyrir 1996. Sat fulltrúafund Skf. Íslands í Reykjavík 8. mars og aðalfund Skf. Íslands, sem haldinn var í Hafnarfirði, 23 - 25. ágúst. Fór á fund með yfirstjórn á Egilsstöðum um málefni gróðrarstöðva S.R. 24 - 25. október. Fór nokkrar ferðir til Reykjavíkur vegna ýmissa erinda, sem ekki er nánar talið upp hér, ennfremur fór ég margar ferðir í Skagafjörð og um Eyjafjörð, sem ekki verður nánar sagt frá hér.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í slöku meðallagi í Vaglaskógi þetta ár, líklega vegna þess hvað veður var gott um allt land. Tjaldstæðin voru opnuð í fyrra lagi eða 31. maí, vegna þess hvað voraði snemma. Sumarið gekk mjög vel og engin alvarleg vandræði komu upp. Nú var reynt að innheimta tjaldleigu í verslun í þjónustuhúsi, sem stendur á aðkomuplani við nýju brúna, og gekk það nokkuð vel.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 9.220, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1.876, í júlí 4.299 og í ágúst 3.045.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 1.804.983. Laun (sérst. frídagar, veikindi og des.uppbót innifalið) og launatengd gjöld kr. 1.213.545, alls 1.598 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 627.956.

12.4. Annað

Skógardagur var haldinn í Vaglaskógi 29. júlí. Heldur færri fólk kom en síðustu ár, líklega vegna þess að þennan dag var verið að kjósa forseta Íslands. 31. ágúst var afhjúpaður minnisvarði um Sigurð Jónasson, skógarvörð á Norðurlandi vestra, í Reykjarhólsskógi í Skagafirði. Viðstödd var fjölskylda Sigurðar ásamt mörgum öðrum góðum gestum, alls um 200 manns. Minnisvarðinn var reistur af Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Skagfirðinga og Héraðsnefnd Skagafjarðar. Móttaka var fyrir skordýrafræðinga í Vaglaskógi 26. júlí, sem ferðuðust um landið ásamt mönnum frá Mógilsá. Landbúnaðarráðuneytið fékk aðstöðu til að halda grillveislu í Vaglaskógi 9. júlí, fyrir landbúnaðarráðherra Norðurlandanna, alls um 80 manns. Sagarnámskeið var haldið í Vaglaskógi 6. - 8. maí og stýrðu því Böðvar Guðmundsson og Skúli Björnsson. Á námskeiðinu voru alls 7 manns, 4 frá SR Vöglum og 3 frá Skf. S-Þingeyinga. Eflaust gleymi ég einhverju sem ætti að vera hér með í starfsskýrslu en læt þetta nægja. Ég vil þakka öllu samstarfsfólki mínu góða samvinnu á árinu 1996.

9. mars 1997

Sigurður Skúlason, skógarvörður